

SAMÞYKKT

um hundahald í Arnarneshreppi.

1. gr.

Hundahald í lögsagnarumdæmi Arnarneshrepps er háð leyfi og bundið þeim skilyrðum, sem nánar eru tilgreind í samþykkt þessari og ber eigendum og umráðamönnum hunda að fara að fyrirmælum samþykktarinnar í einu og öllu.

2. gr.

Alla hunda í Arnarneshreppi er skylt að skrá. Einstaklingum búsettum í sveitarfélaginu, öðrum en ábúendum lögbýla, er óheimilt að halda hunda nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar og að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í samþykkt þessari. Skráning og umsókn þar um skal skilað til oddvita með eftirfarandi upplýsingum um hundinn: Nafn, tegund, kyn, aldur, litur og önnur útlitseinkenni. Ekki er þó skylt að skrá hunda fyrr en þeir ná þriggja mánaða aldri.

3. gr.

Við skráningu hunds skal framvísa vottorði um ábyrgðartryggingu viðurkennds tryggingarfélags og skal tryggingin ná til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda. Um hundahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þegar fyrirhugað er að halda hund í fjöleignarhúsi er skylt að leggja fram skriflegt samþykki annarra íbúa og/eða eigenda, sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými. Við skráningu skal eiganda afhent eintak af samþykkt þessari.

4. gr.

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, nema í fylgd með manni sem hefur fulla stjórn á honum. Eigandi eða umráðamaður skulu gæta þess vel að hundurinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Eigandi er ábyrgur fyrir því tjóni sem hundur hans sannanlega veldur. Ef hundur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá er skylt að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Þeim, sem hefur hund í för með sér, er skylt að fjarlægja saur, sem hundurinn lætur eftir sig á almannafæri.

5. gr.

Óheimilt er að hleypa hundum inn á þá staði sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sem eru m.a. almenningsfarartæki, leikvellir eða eftirtaldir staðir:

Gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.
Skóla, leikskóla, skólalóðir.
Íþróttastöðvar, baðstöðvar.
Samkomuhús.

6. gr.

Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar, fyrst þegar þeir hafa náð 4 mánaða aldri, sbr. ákvæði 57. gr. hollustuháttareglugerðar nr. 941/2002. Fyrir lok febrúar ár hvert skal hund-eigandi framvísa á skrifstofu sveitarfélagsins vottorði um ormahreinsun og staðfestingu á endurnýjun ábyrgðartryggingar. Hvatt er til reglulegra bólusetninga hunda gegn helstu smit-sjúkdómum þeirra.

7. gr.

Eigendur og forráðamenn hunda skulu sæta skriflegri áminningu fyrir brot á samþykkt þessari. Ef eigendur eða forráðamenn hunda brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur hreppsnefnd bannað eða takmarkað rétt viðkomandi til hundahalds. Einnig getur hreppsnefnd afturkallað öll leyfi til hundahalds í þéttbýli telji hún þess brýna þörf.

8. gr.

Greiða skal í sveitarsjóð árlegt gjald vegna hundahalds samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Hreppsnefnd hefur eftirlit með framkvæmd þessarar samþykktar. Með brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

10. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af hreppsnefnd Arnarneshrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem halda hund við gildistöku samþykktar þessarar skulu sækja um leyfi fyrir þá fyrir 22. maí 2007.

Umhverfissráðuneytinu, 3. maí 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 1. júní 2007